

Miðvikudaginn 12. maí 1937.

Nr. 171/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Lárusi Halldórssyni og Kristjönu

Elísabetu Kristjánsdóttur

(Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 5. sept. 1936:
Kærður, Lárus Halldórsson, greiði 600 króna sekt til menningarsjóðs Íslands, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða, Kristjana Elísabet Kristjánsdóttir, greiði 200 króna sekt til menningarsjóðs Íslands, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hin kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Björns P. Kalman, hrm., 100 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdómsins hafa vitnin Gunnar Guðjónsson, Gunnlaugur Loftsson og Björn Guðmundur Snæbjörnsson eiðfest skýrslur sínar í máli þessu.

Samkvæmt gögnum þeim, er í héraðsdóminum getur, verður að telja það sannað, að hin kærðu hafi gerzt sek um þargreind brot á áfengislögum nr. 33/1935. Með hliðsjón af því, að kærði sat í gæzluvarðhaldi frá 8.—13. júní f. á., þykir, samkvæmt analogíu 59. gr. almennra hegningarlaga, refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi

í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing kærðu þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til menningarsjóðs, eins og í héraðsdóminum segir, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði einn varðhaldskostnað sinn, en að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar að vera óröskuð. Svo greiði hin kærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Það athugast, að vitnið Sveinn Guðmundsson hefir ekki verið látinn eiðfesta skýrslu sína í máli þessu um kaup kærða á áfengi í áfengisverzlun ríkisins í Vestmannaeyjum, enda þótt kærði vildi ekki kannast við, að skýrslan væri fyllilega rétt.

Þvi dæmist rétt vera :

Kærði, Lárus Halldórsson, greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, en sæti ella 20 daga einföldu fangelsi, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða, Kristjana Elísabet Kristjánsdóttir, greiði 200 króna sekt til menningarsjóðs, en sæti ella 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði einn varðhaldskostnað sinn, en að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar að vera óröskuð. Hin

kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Eggerts Claessen, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Lárusi Halldórssyni, til heimilis Vestmannabraut 37 hér í bænum, og gegn Kristjönu Elisabetu Kristjánsdóttur, til heimilis sama stað, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 33, frá 9. janúar 1935.

Málavextir eru sem hér segir:

Í byrjun s. l. júnímánaðar var hafin réttarrannsókn út af grun um, að hin kærðu, sem búa saman ógift, seldu áfengi, einkum kærður.

Hin kærðu hafa bæði eindregið neitað að hafa selt áfengi, en viðvikjandi sakarefninu er upplýst það, sem hér segir:

Björn Bergmundsson, sjómaður, hefir borið sem vitni í málinu, að hann hafi aðfaranótt mánudagsins 25. maí s. l. komið til kærðu með öðrum manni, Emil Marten Andersen, sjómanni, og að hún hafi selt þeim $\frac{1}{2}$ liter af sterku áfengi, „Genever“, sem vitnið áleit, að væri frá áfengisverzlun ríkisins, og að þeir hafi borgað henni 10 krónur fyrir áfengi þetta, 5 kr. hvor, og báðir verið viðstaddir, er kærða afhenti áfengi þetta, sem vitnið kveður hana hafa afhent þeim í íbúð sinni að Vestmannabraut 37 hér í bænum. Sama vitni hefir og borið, að hann hafi oft áður síðan s. l. haust, eða um 20 sinnum að minnsta kosti, keypt áfengi ýmist hjá kærðri eða kærðum, Lárusi Halldórssyni, en kveðst ekki muna nákvæmlega, hve oft það hafi verið. Hann kveður það venjulega hafa verið brennivín frá áfengisverzlun ríkisins, er hin kærðu hafa selt fyrir 10 kr.

hverja flösku. Hann kveðst ætíð hafa verið einsamall, er hann keypti áfengi af hinum kærðu, nema framangreint skipti, er hann keypti áfengi af kærðu ásamt með Emil Marten Andersen.

Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Emil Marten Andersen hefir borið, að hann hafi framangreinda nótt (aðfaranótt 25. maí s. l.) komið að Vestmannabraut 37 til kærðu með framangreindum Birni Bergmundssyni í þeim tilgangi að kaupa þar áfengi og að kærð hafi selt þeim $\frac{1}{2}$ liter af „Genever“ fyrir 10 krónur, og hafi þeir báðir verið viðstaddir, vitni þetta og Björn Bergmundsson, er kærð afhenti þeim áfengið, og hafi þeir greitt henni 10 krónur fyrir það (5 krónur hvor). Vitni þetta hefir og borið, að hann hafi 4—5 sinnum s. l. haust og fyrri hluta s. l. vetrar keypt áfengi af kærðum, Lárusi Halldórssyni, og hafi það jafnan verið brennivín frá áfengisverzlun ríkisins — ein flaska í einu — sem kærður hafi selt fyrir 10 krónur hverja flösku.

Vitni þetta hefir staðfest framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Gunnar Guðjónsson hefir borið, að hann hafi seint í s. l. aprílmánuði, en man ekki nánar hvenær, komið til kærðs, Lárusar Halldórssonar, og beðið kærðan um að selja sér áfengi, og hafi kærður þá selt vitninu eina flösku af brennivíni frá áfengisverzlun ríkisins fyrir 10 krónur. Hann kveðst hafa verið einsamall, er hann keypti áfengi þetta, og kveðst ekki hafa keypt áfengi af kærðum, nema þetta eina sinn. Vitni þetta var farið burt úr Vestmannaeyjum, er rannsókn málsins var lokið, og hefir því eigi verið látið eiðfesta framburð sinn.

Vitnið Ólafur Magnússon hefir borið, að hann hafi í s. l. aprílmánuði tvisvar keypt áfengi af kærðum (L. H.), eina flösku af brennivíni frá áfengisverzlun ríkisins í hvert sinn og kærður hafi selt áfengi þetta fyrir 10 krónur hverja flösku, sem kostar 7 krónur í áfengisverzlun ríkisins. Vitnið kveðst ekki muna nánar, hvenær þetta hafi verið, en það hafi verið um kvöld í bæði skiptin. Vitni þetta hefir staðfest framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Gunnlaugur Loftsson hefir borið, að hann hafi nokkuð oft s. l. vetur, eða 10—15 sinnum, keypt áfengi af kærðum og hafi það jafnan verið brennivín eða whisky

frá áfengisverzlun ríkisins, ein flaska í hvert sinn, og hafi kærður jafnan selt hverja brennivínsflösku fyrir 10 krónur og hverja hálf-flösku af whisky einnig fyrir 10 krónur og hafi það jafnan verið á kvöldin eftir að áfengisverzlun ríkisins hafi verið lokað, að kærði seldi vitninu áfengi. En vitni þetta mundi ekki nánar en að framan greinir, hvenær og hve oft hann hafði keypt áfengi af kærðum. Vitni þetta hefir eigi verið eiðfest vegna fjarveru úr bænnum, er rannsókn málsins var lokið.

Vitnið Eyjólfur Bjarni Ottesen hefir borið, að hann hafi s. l. haust og vetur oft keypt áfengi af kærðum, eða að minnsta kosti 10 sinnum, og hafi þá ætíð verið whisky í hálf-flöskum (pelum), sem kærður seldi vitninu og hafi kærður jafnan selt fyrir 10 krónur hverja hálf-flösku, sem seld er fyrir 8 krónur í áfengisverzlun ríkisins. Vitnið kveður kaup þessi jafnan hafa farið fram á kvöldin, og kveðst vitnið jafnan hafa komið einn til kærðs, er vitnið keypti af honum áfengi. Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Björn Snæbjörnsson hefir borið, að hann hafi þrisvar sinnum, snemma á s. l. vetri, keypt áfengi af kærðum, en man ekki nánar, hvenær það var, og hafi það í öll skiptin verið brennivín frá áfengisverzlun ríkisins, ein flaska í hvert sinn, sem kærður hafi selt fyrir 10 krónur hverja flösku. Vitni þetta hefir eigi verið látið staðfesta framburð sinn með eiði vegna fjarveru, er rannsókn málsins lauk.

Vitnið Jón Þorleifsson hefir borið, að hann hafi nokkrum sinnum á s. l. vetri, eða að minnsta kosti 6—8 sinnum, keypt áfengi af kærðum, ætíð hálfa flösku í einu af brennivíni frá áfengisverzlun ríkisins, fyrir 5 krónur hverja hálf-flösku, og kveður vitnið kaup þessi jafnan hafa farið fram á kvöldin, eftir að áfengisverzlun ríkisins hafi verið lokað, en nánar en að framan greinir kveðst vitni þetta ekki muna, hve oft eða hvenær kaup þessi áttu sér stað. Vitni þetta hefir staðfest framburð sinn með eiði sínum.

Útsölumaður áfengisverzlunar ríkisins hér í bænum, Sveinn Guðmundsson, hefir borið sem vitni í málinu, að hann hafi veitt því eftirtekt seint á s. l. ári, eða í októbermánuði f. á., að kærður hafi öðru hvoru keypt nokkuð mikið af áfengi hjá útsölu áfengisverzlunarinnar hér í

bænum og hefir svo verið þar til um s. l. sumarmál, en eftir það kveðst vitnið ekki hafa orðið vart við, að kærður keypti sjálfur áfengi svo neinu verulegu næmi, en kveðst hafa grun um, að aðrir hafi keypt áfengi fyrir hann eftir þann tíma. Vitnið kveður kærðan jafnan hafa keypt 7—15 og upp í 20 flöskur og jafnvel stundum þar yfir, tvisvar í viku, á framangreindum tíma (þ. e. frá því haustið 1935 til sumarmála þ. á.), en vitnið kveðst þó ekki fullyrða, að kærður hafi keypt svo mikið áfengi í hverri viku á umræddum tíma.

Bæði hin kærðu hafa eindregið neitað að hafa selt mönnum þeim áfengi, sem hafa borið að hafa keypt áfengi af þeim. Kærð hefir kannast við, að Björn Bergmundsson hafi komið til bennar á þeim tíma, sem Björn hefir borið, að hún hafi selt honum áfengi, en heldur fram, að hann hafi verið einsamall og hefir eindregið neitað, að Emil Marten Andersen hafi komið nokkuð til hennar við það tækifæri. Hún hefir og kannast við, að hafa þá látið B. B. í té hálfan liter af „Genever“, en heldur fram, að það hafi verið án endurgjalds, og kveðst hafa gert það vegna þess, að Björn hafi hótað að brjóta upp húsið, ef hún léti hann ekki fá áfengi, er hann kom að húsinu umrætt sinn, en kærð kveðst þá hafa verið háttuð og kveðst hún hafa óttast, að Björn mundi gera það (þ. e. brjóta upp húsið), ef kærð léti hann ekki fá áfengi, en áfengi þetta kveður hún kærðan, sem þá var fjarverandi, hafa keypt áður en hann fór úr bænum, skömmu áður.

Með framangreindum eiðfestum framburði vitnanna Björns Bergmundssonar og Emils Martens Andersen verður það að áliti réttarins að teljast sannað, að kærð hafi selt þeim áfengið.

Kærður hefir kannast við, að hann hafi öðru hvoru keypt áfengi í áfengisverzlun ríkisins hér í bænum, en kveðst ekki muna, hve mikið hann hafi keypt, hve oft hann hafi keypt né hve mikið í einu. Hann kveðst hafa notað áfengi, sem hann keypti þannig, til drykkjar handa sjálfum sér og veitt öðrum af því með sér án endurgjalds, svo kveðst hann og stundum hafa keypt áfengi fyrir aðra, sem hafi afhent honum peninga til þess að kaupa áfengið fyrir, áður en hann keypti það, en hann hefir neitað að skýra frá því, fyrir hverja hann hafi þannig keypt áfengi.

En kærður hefir eindregið neitað, að hann hafi keypt eins mikið áfengi í áfengisverzlun ríkisins og vitnið Sveinn Guðmundsson hefir borið, og heldur fram, að hann hafi frekar sjaldan keypt áfengi.

Með framburði framangreindra vitna, sem hafa borið, að kærður hafi selt þeim áfengi og sem ekki er nein ástæða til að ætla, að beri slíkt ranglega, svo og með framburði vitnisins Sveins Guðmundssonar um áfengiskaup kærðs, verður að áliti réttarins að telja framkomnar nægar sannanir fyrir því, að kærður hafi selt áfengi.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, hefir kærður ekki stundað neina sérstaka atvinnu á þeim tíma, sem fram eru komnar í málinu upplýsingar um, að kærður hafi selt áfengi, og verður að telja miklar líkur framkomnar í málinu fyrir því, að kærður hafi s. l. vetur beinlínis gert sér sölu áfengis að atvinnu, en ekki verður það þó talið fullsannað.

Kærður, sem er fæddur þann 18. febrúar 1873, hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 15. gr. laga nr. 33, frá 9. janúar 1935, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, eftir atvikum hæfilega ákveðin, samkv. 33. gr. sömu laga, 600 króna sekt til menningarsjóðs Íslands, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærð, sem er fædd þann 1. ágúst 1897, hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hún brotið gegn 15. gr. laga nr. 33, frá 9. janúar 1935, og þykir refsing sú, er hún hefir til unnið, hæfilega ákveðin samkv. 33. gr. sömu laga, 200 króna sekt til ríkissjóðs (sic), og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hin kærðu greiði annað fyrir bæði og bæði fyrir annað (in solidum) allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns þeirra í málinu, Björns P. Kalman, hrm., er þykja hæfilega ákveðin 100 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.